

## Íbúakönnun um húsnæðismál

Sveitarstjórn Dalabyggðar óskar eftir þátttöku íbúa í könnun er varðar húsnæðismál, sem innlegg í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.

Könnunin er rafræn, en einnig er hægt að nálgast hana í pappírformi á skrifstofu sveitarfélagsins og fylla hana út þar.

Slóðin á könnunina er birt á vef Dalabyggðar undir flýtleiðir, í frétt og á Facebook síðu sveitarfélagsins. Hægt er að svara einu sinni úr hverri tölvu.

Samhliða henni verður einnig lögð fram könnun til stærri fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu til að kanna mögulegar þarfir þeirra fyrir íbúðarhúsnæði.

## Alþingiskosningar 2017

Kosið verður til Alþingis laugardaginn 28. október næstkomandi.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar innanlands fer fram hjá sýslumönnum um allt land, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar erlendis fer fram á skrifstofu sendiráðs, í sendiráðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

## Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.

## Sælingsdalslaug

Opnunartímar í Sælingsdalslaug frá 1. september eru

þriðjudagar eldri borgarar kl. 15:30 - 17:00

þriðjudagar kl. 17:00 - 19:00

miðvikudagar kl. 17:00 - 22:00

fimmtudagar kl. 15:00 - 18:00

laugardagar kl. 14:00 - 18:00

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum er auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tólmstundabúðanna Laugum ([www.ungmennabudir.is](http://www.ungmennabudir.is)).



# DALAPÓSTURINN

10. tölublað, 10. árgangur

4. október 2017

„Hér njótum við hlunninda!“

Þetta er staðhæft í tillögu að svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar sem birt hefur verið á verkefnisvefnum [www.samtakamattur.is](http://www.samtakamattur.is).

Í tillögunni er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna um eflingu atvinnulífs og byggðar með áherslu á nýtingu sérkenna og auðlinda svæðisins.

Svæðisskipulagstillagan verður kynnt á opnum fundum í sveitarfélögum þremur á næstunni:

**Í Dalabúð, 10. október, kl. 20:00-21:30**

Í Reykhólaskóla, 11. október, kl. 17:00-18:30

Í Félagsheimili Hólmavíkur, 12. október, kl. 17:00-18:30

Íbúar sveitarfélaganna og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta. Hægt er að senda inn ábendingar við tillöguna til 28. október 2017. Þær skulu stílaðar á: *Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, b.t. formanns - Ingibjargar Emilsdóttur, skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hólmavík.*

Einnig má senda ábendingar með tölvupósti til [ingaemils@strandabyggd.is](mailto:ingaemils@strandabyggd.is)

*Svæðisskipulagsnefnd*

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur